

Stjórnarfundur Hestamannafélags Borgfirðings 8.maí 2024
Mættir: Eyþór, Steinunn, Friðrika, Gunnar, Halldór og Ólafur Axel

Eyþór formaður setti fundinn.

Hann sagði frá Formannafundi (vegna úrtökumóts) sem hann mætti á ásamt Halldóri og Gunnari.

Farið yfir Úrtökumótið sem verður haldið 8.-9.júní. Félögin sem standa að mótinu eru Dreyri, Borgfirðingur, Snæfellingur og Glaður.

Hvert félag útvegar þrjá aðila til starfa hvorn dag. Dreyri sér um skráningu og uppgjör. Borgfirðingur sér um að völlurinn og aðstaðan sé í lagi. Sjoppan er á okkar vegum og hagnaður sem kemur af henni fellur okkur í hlut.

Fjórðungsmótið verður á næsta ári 2.-6.júlí. Hinrik Sigurðsson starfsmaður skrifstofu LH er kominn með þessa dagsetningu. Skipuð verður framkvæmdanefnd. Tveir fulltrúar frá hverju félagi eru í þessari framkvæmdanefnd. Randí Holaker og Iðunn Silja Svansdóttir verða okkar fulltrúar.

UMSB formannafundur verður haldinn í Félagsheimilinu okkar 14.maí. Við þurfum að sjá um veitingar. Fáum 100 þúsund fyrir að halda fundinn.

Farið yfir stöðuna eða hagnaðinn af ballinu síðasta vetrardag.

Seldust miðar fyrir 3.649.500,-

Kostnaður sem var kominn 2.184.688,-

Hagnaður 1.464.812,-

Innkoma af sjoppunni var 346.450,-

Reikningur fyrir hamborgurum er ekki inni í þessum tölum.

Athuga þarf fyrir næsta ball með armbönd. Einhvað um að þau límdust saman og voru því mistök í sölu. Mögulega mistök með 10 armbönd.

Eyþór fór yfir að senda erindi á Borgarbyggð um slátt á svæðinu okkar. Óskað verður eftir slætti þrisvar um sumarið.

Aðalfundur Vindás var haldinn fyrir skömmu. Ólafur Axel var okkar fulltrúi. Sama stjórn verður áfram. Við leigjum reiðhöllina (borgum 250.000 á mánuði) Staðan er nokkuð góð. Sjóður er kominn í 800.000,-

Búið er að auglýsa hjá Borgarbyggð að laust sé í umsóknir í framkvæmdarstyrki.

Við sækjum um styrki að klæða Félagsheimilið. Eyþór sendir inn umsókn.

Til umhugsunar að gera áætlun um framkvæmd um byggingu við innganginn á Reiðhöllinni okkar.

Önnur mál:

Athuga með starfsfólk á íþróttamótinu.

Halldór gerir athugasemd um admin á Facebókarsíðunni okkar.

Friðrika spyr hvort endurgreiða eigi ef einstaklingar sem hafa skráð sig á námskeið og geta ekki nýtt tímana. Fundurinn var sammála að ekki þurfi að greiða ef einstaklingar geti ekki mætt. Búið er að frátaka plássið sem aðrir geta ekki nýtt.

Halldór gerir athugasemdir með brokkspýrur sem búið er að lofa að kaupa. Eypór ætlar að athuga það.

Athugasemdir um Headsett og skeiðbúnað. Þarf að athuga.

Næsti fundur 5.júni kl 19:30